

Skeljungur hf.
Borgartúni 26
105 Reykjavík

Akureyri, 13. nóvember 2020
UST202003-204/G.S.Á.
08.06.02

Efni: Reglubundið eftirlit þann 23.10.2020, hjá Skeljungi hf., Seyðisfirði.

Þann 23. október sl. fór fram eftirlit í olíubirgðastöð Skeljungs, Seyðisfirði. Í samræmi við 57. grein reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit sendist meðfylgjandi eftirlitsskýrsla.

Engin frávik frá kröfum í starfsleyfi komu fram við eftirlitið en tvær ábendingar voru settar fram í eftirlitinu er varða að þjónusta þarf olíuskilju við stöðina og bæta þarf op á girðingu.

Virðingarfyllst,

G. Stella Árnadóttir
Guðbjörg Stella Árnadóttir
Sérfræðingur

Gottskálk Friðgeirsson
Gottskálk Friðgeirsson

Afrit í tölvupósti:
Heilbrigðisnefnd Austurlandssvæðis

EFTIRLITSSKÝRSLA

Skeljungur Seyðisfirði



Dags eftirlits	23.10.2020	Ábyrgðarmaður eftirlits	Guðbjörg Stella Árnadóttir
Fyrirtæki	Skeljungur	Eftirlitsmaður	Guðbjörg Stella Árnadóttir
Heimili	Borgartún 26	Tegund eftirlits	Reglubundið
Kennitala	5902691749	Flokkur	Olía
Fulltrúi fyrirtækis	Bergsteinn Hjörleifsson	ÍSAT nr.	51.51.0
Fulltrúi fyrirtækis		Staðsetning	733381,426 538446,438

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Engin frávik frá kröfum í starfsleyfi komu fram við eftirlitið en tvær ábendingar voru settar fram í eftirlitinu er varða að þjónusta þarf olúskilju við stöðina og bæta þarf op á girðingu.

UMFANG EFTIRLITS

Skeljungur rekur olúbirgðastöð við Hafnargötu 53a á Seyðisfirði. Óskað var eftir niðurfellingu starfsleyfis þann 28. október 2019 og starfsemi hætt. Engin olía hefur verið í stöðinni frá þeim tíma og stefnt var að niðurrífi stöðvarinnar. Rekstraraðili hefur sent inn áætlun um rekstrarstöðvun en hyggst endurskoða þá ákvörðun í samráði við eftirlitsaðila.

Heimilt er að geyma allt að 480 m³ af olú í stöðinni í fjórum geymum og þar af allt að 121 m³ í stærsta geymi. Stöðin er eingöngu tengd olúflutningum með bifreiðum og því löndunarlagnir ekki til staðar. Auk þess er gert ráð fyrir ílátum og öðrum búnaði fyrir íblöndunarefni í eldsneyti, afgreiðslubúnaði á flutningsgeyma og öðrum búnaði í samræmi við lög og reglugerðir. Í stöðinni er einnig heimil móttaka á allt að 5 tonnum af úrgangsolú á ári.

Steypt olúhæld lekavarnarþró er um geymanna. Lokar að skilju stóðu lokaðir við eftirlit en bent er á að þjónusta þurfi skiljuna og hreinsa ef þörf er á.

Krafa er um skráningar í rekstrarhandbók í stöðinni en þar sem stöðin hefur staðið tóm, þá eru engar skráningar fyrir árið 2019, enda engin starfsemi til staðar.

Gengið var um stöðina og aðstæður skoðaðar. Hlið stóð læst er að var komið. Bæta þarf girðingu á einum stað en eru annars í góðu lagi.

Engar kvartanir hafa borist rekstraraðila eða eftirlitsaðila frá síðasta eftirliti og engin óhöpp hafa orðið að sögn rekstraraðila enda engin starfsemi í stöðinni.

ÁBENDINGAR

Ábending er sett fram er varðar að þjónusta þarf olúskilju við stöðina og hreinsa hana ef þörf krefur.

Ábending er sett fram er varðar op á girðingu sem þarf að bæta en skv. gr. 2.3 í starfsleyfi skal aðgengi að stöðinni vera takmarkað og skal hindra aðgang óviðkomandi, t.d. með mannheldri girðingu.

ANNAÐ

Starfsleyfi stöðvarinnar gildir til 31. janúar 2022. Rekstraraðila var bent á að á meðan starfsleyfi er í gildi þá helst starfsemin inn í eftirlitsáætlun Umhverfisstofnunar.

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Ábending: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.

Reykjavík, 13.11.2020

Guðbjörg Stella Árnadóttir